

121  
27. sept.

## REGLUGERÐ

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Sandgerði í Miðneshreppi,  
nr. 64 21. apríl 1948.

1. gr.

41. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki og hafa þau sama forgangsrétt og opinber gjöld. Auk þess eru skipagjöld tryggð með lögveði í skipinu og gengur það í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald, vatnsgjald, hafnsögugjald, ljósagjald, fjörugjald, gjald fyrir dráttarbáta og aðra þá aðstoð, sem skipið fær hjá höfninni.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, sbr. l. nr. 41 5. apríl 1948, um breyting á þeim lögum, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 27. september 1954.*

Ólafur Thors.

*Brynjólfur Ingólfsson.*

122  
21. sept.

## REGLUGERÐ

um heimilishjálp í Reykjavík.

1. gr.

Ráðningarstofa Reykjavíkurbæjar fer með stjórn heimilishjálpar í Reykjavík undir yfirstjórn bæjarráðs og borgarstjóra.

Dagleg umsjón með framkvæmdum heimilishjálparinnar í Reykjavík er í höndum konu með þekkingu á heimilisstörfum, er borgarstjóri skipar. Hún á rétt á að sitja fundi í stjórn ráðningarstofunnar, þegar rædd eru mál, sem varða heimilishjálpinu, og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

2. gr.

Hlutverk heimilishjálparinnar er að veita hjálp á heimilum, þegar sannað er með vottorði læknis, ljósmóður eða á annan hátt, sem forstöðukona heimilishjálparinnar metur gildan, að hjálpar sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.

Hjálpin skal að jafnaði ekki veitt um lengri tíma í senn en 14 daga.

3. gr.

Heimilishjálpin skal jafnan leitast við að hafa til taks nægilega margar konur til heimilishjálpar.

Forstöðukonunni ber að ganga örugglega úr skugga um, að konur þær, sem